



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
vegna útnefningar  
á íþróttamanni ársins 2021**

Kæru landsmenn.

Ég sendi ykkur öllum hlýjar kveðjur héðan frá Bessastöðum. Annað árið í röð koma brýnar sóttvarnir í veg fyrir að unnt sé að fagna kjöri íþróttamanns ársins með hefðbundnum hætti. En við látum það ekki á okkur fá enda skiptir það engu máli í amstri dagsins. Hitt er brýnna þegar íþróttir eru annars vegar að börn og ungmenni nái að sinna æfingum og tómstundum þótt veirufjórinn leiki enn lausum hala.

Og þessi stund verður alltaf ánægjuleg, hvert sem snið hennar er. Fríðum hópi afreksfólks hlotnaðist sá heiður að koma til álita við þá verðlaunaafhendingu sem nú fer í hönd. Við munum fagna íþróttakonu og -karli ársins í hinum ýmsu íþróttagreinum, liði ársins, þjálfara ársins og vitaskuld íþróttamanni ársins á Íslandi. Til hamingju, þið öll.

Í kvöld minnumst við einnig með hlýhug og virðingu þeirra íþróttamanna sem kvöddu okkur á árinu, karla og kvenna sem gerðu garðinn frægan fyrir lið sitt og þjóð.

Og við hlökkum til að styðja áfram við bakið á þeim sem keppa undir merkjum Íslands á komandi árum. Því er fagnaðarefni að stjórnvöld ætla að vinna að uppbyggingu mannvirkja fyrir landslið okkar í íþróttum. Við þurfum hið snarasta nýja þjóðarhöll. Á kreppuárunum gátum við hafist handa við gerð Þjóðleikhússins, haldið var áfram með Hörpu eftir hrun þrátt fyrir þrengingar og það er varla sýtt núna. Í dag þarf sömu djörfung. Varla viljum við að landslið okkar í handbolta og körfubolta heyi sína heimaleiki í Björgvin, Árósum eða Þórshöfn í Færeyjum, með fullri virðingu fyrir þeim fallettu borgum sem eiga sínar glæsilegu íþróttahallir.

En hvernig sem fer munum við áfram styðja frábært íþróttafólk í drengilegri keppni. Koma svo! Höllin rísi og áfram Ísland!